

Reykjavík 05/04/2021

**UMSÖGN AFSTÖÐU UM FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGU Á
LÖGUM UM FULLNUSTU REFSINGA, NR. 15/2016
(SAMFÉLAGSPJÓNUSTA OG REYNSLULAUSN).**

**151. löggjafarþing 2020–2021.
Þingskjal 961 — 569. mál.
Stjórnarfrumvarp.**

Afstaða telur að frumvarpið sé gott og gilt og fagnar lengingu samfélagsþjónustu. Ef frumvarp þetta öðlast gildi fær Fangelsismálastofnun heimild til að veita dómþolum sem hafa fengið allt að 24 mánaða dóm leyfi til að fullnusta dóminn í samfélagsþjónustu. Þar er um að ræða tímabundna hækkun úr 12 mánuðum í 24 mánuði. Afstaða styður þetta úrræði en hefði viljað sjá það varanlegt. Staðreyndin er sú að fangelsi skemma og vægari úrræði eru betri, veita meira aðhald og aukinn árangur. Því ber að fagna þessu skrefi dómismálaráðherra.

Afstaða hefur aftur á móti áhyggjur af því að dómsskerfið muni ekki spila með ráðherra og hækka dóma yfir einstaklingum til þess að tryggja að þeir sitji af sér í fangelsi. Við búum nefnilega við dómsskerfi sem fer eftir almenningsálitinu og eflaust munu heyrast raddir sem krefjast þess að brotamenn dúsi á bak við lás og slá. Almenningsálitið stýrist af tilfinningum og það er ótækt að dómáttar geri það einnig. Að því sögðu telur Afstaða að dómáttar eigi sjálfir að ákveða hvort dómþolar fái fangelsisrefsingu, samfélagsþjónustu eða önnur úrræði sem vantar nauðsynlega að dómáttar nýti sér, til dæmis alls kyns meðferðir. Þá mætti einnig bæta því við að gefa tilteknum dómþolum möguleikann á að hefja nám sem skilyrði fyrir skilorðsdómi. Gefa fólki tækifæri til að bæta sig. Að því sögðu þá hefur ríkt neyðarástand í fangelsiskerfinu vegna Covid-19 og vegna langra biðlista og telur félagið ekki hægt að bíða lengur með að koma með ný úrræði og því teljum við **að samþykkja eigi frumvarp þetta eins og það er.**

Vegna þess að þetta eru tímabundin úrræði með vilja til að halda þeim áfram eftir að þau hafa verið metin eru stjórnvöldum því í lófa lagt að þróa þetta betur og um leið og það verður framlengt, að dómstólar taki þá við að ákveða hverjir taki út samfélagsþjónustu.

Félagið er að sjálfsgöðu tilbúið til þess að senda fulltrúa í viðræður um þetta frumvarp eins og allt annað sem viðkemur fangelsismálum.

F.h. Afstöðu, félags fanga á Íslandi

Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður